

Siglingaráð

10. fundur

Dags.: 8. nóvember 2018, kl. 14:30 til 16:40 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Mættir: Ásbjörn Óttarsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Axel Helgason (Landssamband smábátæigenda), Guðmundur Birkir Agnarsson (Landhelgisgæsla Íslands), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Gunnar G. Gunnarsson (Samgöngustofa) Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmteknimanna), Guðfinnur G. Johnsen (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar.
2. Fundargerð 9. fundar Siglingaráðs (Björn Freyr sendi í tölvupósti)
3. Öryggisáætlun siglinga og sjófarenda. Minnisblað Samgöngustofu.
4. Ráðstöfun fjármuna árið 2018. Samgöngustofa.
5. Áherslur í öryggisáætlun siglinga og sjófarenda. Samgöngustofa.
6. Umsögn verkefnisstjórnar um tillögur RNSA í öryggisátt. Sept. 2017 Ásbjörn Óttarsson.
7. Bréf til RNSA dags. 5. sept. 2017. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

Ásbjörn setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Björn Arnaldsson nýr fulltrúi Hafnasambandsins var kynntur og er hann hafnarstjóri í Snæfellsbæ en Kristín á sæti í hafnarstjórn í Þorlákshöfn er þeirra varamaður. Á þu upplýsti að Björn Freyr væri að hætta í ráðuneytinu og hæfi störf hjá Alþingi.

1. Fundargerð síðasta fundar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar en athugasemdir komu frá HAG, HS og Samgöngustofu/HSS.
2. HSS fór yfir framlagt gagn nr. 3 og upplýsti að af þeim 28,75 mkr. sem áætlað er að ráðstafa í öryggisáætlun sjófarenda árlega næstu 3 ár væru 15 mkr. til að greiða laun og annan kostnað við EMCIP gagnagrunninum og önnur verkefni Samgöngustofu innan öryggisáætlunarinnar. Til verkefna á öryggisáætlun sjófarenda verða því til ráðstöfunar 13,75 mkr. á ári.
3. GGG fór yfir ráðstöfun fjármuna árið 2018 (framl.gagn nr. 4). Notaðar hafa verið samtals tæpar 6 mkr. af þeim 18,5 mkr. sem voru til ráðstöfunar á árinu. Ekki er hægt að færa ónýttar fjárheimildir til næsta árs en reikningar dagsettir á þessu ári teljast með kostnaði ársins þó þeir séu ógreiddir.
 - a. Rafræn, gagnvirk atvikaskráning: ÓR upplýsti um áhuga Samgöngustofu á að koma á atvikaskráningu á netinu með einföldu skráningarformi og þægilegu viðmóti fyrir skipstjóra og alla sjómenn. Samhljómur var um að ef víðtæk þátttaka væri meðal sjómanna að skrá atvik kæmi slíkur grunnur að góðum notum í forvarnarmálum. Ákveðið var að HS, ÓR, GGG ásamt tölvusérfræðingi Samgöngustofu móti verkefnið frekar. Málið verður afgreitt á aukafundi eftir tvær vikur. Vonir standa til að hægt verði að koma verkefninu á rekspöl og nýta fé af fjárveitingum þessa árs.
 - b. Öryggishandbókin – leitast við að koma verkefninu af stað þannig að fjármunir nýtist. Sjá l.4
 - c. Meðal verkefna ársins var að uppfæra lækningahandbók og endurskoða úreltar reglur 365/1998 um lyf- og læknisáhöld í skipum. Þessa vinnu þarf að hefja strax, bráðalækningar/þyrlulækningar og hjúkrunarfólk sem kenna á lyfjakistunámskeiði Slysavarnaskólans eru tilbúin að koma að því verki. Æskilegt er að fá sérfræðivinnuna hið fyrsta þannig hún falli innan fjárheimilda ársins. HS falið að ræða við heilbrigðisfólkið um aðkomu en Samgöngustofa/ráðuneytið annast uppfærslu reglugerðarinnar. Tengiliður HSS

- d. Rætt var um fyrirkomulag auglýsinga og dreifingu/lestur þeirra blaða / bóka sem auglýst er í. Bent var á að uppfæra þurfi allar auglýsingar þannig að Siglingaráð og logo ráðuneytisins komi þar fram. Lagt var til að skipa vinnuhóp til að ræða fyrirkomulag auglýsinga á næsta ári í samstarfi við Samgöngustofu.
4. Tilboð í öryggishandbók fyrir fiskiskip voru rædd og leyst hópnum betur á tilboð Verkís sem er bæði betur skilgreint og mun hagstæðara. Ákveðið að ganga til samninga við Verkís og leitast við að fá Snæfríði til að stýra verkefninu áfram en ÁP hefur viðrað slíkt við hana. ÁP og HSS munu hitta Snæfríði strax. Staða verður kynnt á aukafundinum eftir tvær vikur. Vonast til að ná verkefninu að sem mestu leyti innan fjárveitinga ársins.
5. Upplýst að gerð N4 stuttmynda gangi hægt, fyrir því eru ýmsar ástæður, mannskipti og erill hjá öryggisstjóra Samherja. HS og IV munu funda með þeim í næstu viku.
6. Ræddar voru lauslega áherslur í öryggismálum (framl.gagn nr. 5) og að ákveða þurfi verkefni næsta árs. Lagt var til að skipa verkefnahóp til að ákveða verkefni og var áhersla lögð á að sátt verði um framkvæmd þeirra verkefna. HS sagði að Slysavarnaskólinn væri ávallt tilbúinn að leggja sitt af mörkum og bauð sig fram í þennan hóp. ÁP mun ítreka tillögur um verkefni í tölvupósti til ráðsins.
7. Refsirammi vegna ofhleðslu – Frumvarpsdrög. Samkvæmt hlutverki Siglingaráðs skal það fá drög að lögum og reglum sem eru í vinnslu eða breytingum á þeim til umsagnar en svo hafi ekki verið gert varðandi þessi frumvarpsdrög. HS sat hjá umræðu vegna aðkomu sinni að tillögu RNSA. Ofhleðsla er vandamál sem hefur kostað mannlíf og er eitt af þeim atriðum sem Siglingaráð hefur lagt áherslu á í fræðslu og áróðri til sjómanna, refsiramminn sem hér er kynntur er hins vegar. AH gagnrýndi að verið sé að setja svona háar sektarheimildir 0,5-2 mkr vegna tilvika sem kunna að stafa af einfaldri yfirsýn skipstjórnarmanna. AH gagnrýndi einnig að krafist skuli nýrra stöðugleikaútreikninga vegna smávægilegra breytinga á búnaði. AH sagði að hleðslulínan segi ekki allt um getu báts til að viðhalda stöðugleikanum heldur ræðst hann af skrokklagi og því hvernig skipið er hlaðið, samkvæmt upplýsingum sem hann fékk þá er sama formúlan notuð við útreikninga óháð skrokklagi skipsins. AH upplýsti að hann hafi fengið frest til loka næstu viku að leggja inn umsögn um frumvarpið.
- ÓR sagði að stöðugleikaútreikingur væri rangur ef hann sýndi að stöðugleiki skips breyttist ekki við hleðslu. GBA benti á að ekki sé rétt að vera með samanburð við ofhleðslu uppsjávarskipa áður fyrr en sú hegðun var ekki til eftirbreytni. GBA sagði að í stöðugleikagögnum sé hægt að hafa ýmis tilvik varðandi hleðslu.
- ÁÓ vísaði í fyrri umræðu um ofhleðslu þar sem m.a. hafi verið ræddar forsendur refsinga vegna ítrekaðra brota t.d. koma á punktakerfi og vera með öflugan áróður. Sektin er há og það þarf að vera samræmi í upphæð sektar og alvarleika brotsins. GGG sagðist vera hlynntur því að ofhleðsla væri refsiverð en spurning um hversu háar sektirnar eigi að vera, þurfi samhengi í þyngd refsinga við ítrekuðum brotum. Samgöngustofa telur að besti árangurinn fáiast þegar fræðsla og eftirlit vinna saman. Það þurfa að vera lög til að styðja eftirlitsaðilann í hans verkefnum sagði GGG. HSS upplýsti að tekið hafi verið tillit til tillagna RNSA og LHG við gerð frumvarpsdraganna. Ítrekuð nauðsyn þess að stöðugleikagögn séu sett fram með auðskiljanlegum hætti. AH sagði að ofhleðsla væri ekki almennt vandamál heldur væru einstaka menn sem láta sér ekki segjast og eru að ofhlaða báta sína ítrekað eins og þekkt er.
8. Önnur mál
- a. HS benti á að mikilvægt sé að taka á því að erlend skemmtiferðaskip séu að gera landtöku hér og þar um landið á mælislítið þrátt fyrir lög. Í Bandaríkjunum eru gerðar kröfur um að leiðsögumenn séu með sérstaka heimild stjórnvalda í slíkum ferðum. HSS upplýsti að þetta hafi verið rætt á samráðsfundi Samgöngustofu, LHG og Umhverfisstofnunar og því beint til Umhverfisstofnunar að setja reglur um þetta.
- b. HSS bíður Siglingaráði að desemberfundur verði hjá Samgöngustofu og hefur áhuga á að kynna fyrir Siglingaráði þrjú mál sem eru:

- i) úttekt IMSAS sem verður næsta vor,
 - ii) norðurheimskautsmál og formennsku Íslands í PAME,
 - iii) EMCIP gagnagrunninn.
- c. GGG sagði erindi Stefáns Einarssonar verkfræðings hefur áhuga á að kynna fyrir ráðinu styrkumsókn vegna verkefnis tengdu alþjóðlegri rannsókna á geðvernd sjómanna innan Horizon 2020. HS benti á að það þyrfti reyndan geðlækni til að vinna að slíku verkefni og viðeigandi heimildir til slíkra rannsókna hjá Vísindasiðaráði. ÁP og GGG munu ræða við Stefán um forsendur verkefnisins.
- d. Aðilar að Siglingaráði komi með hugmyndir að verkefnum næsta árs. ÁP ætlar að hvetja til þess í formlegum tölvupósti.
9. Næsti fundur verður eftir tvær vikur þar sem afgreiddar verða fundargerðir 8. og 9. fundar. Fjallað verður eingöngu um verkefnin atvikaskráningakerfi, öryggishandbók og lyfjakista skipa sem öll eiga það sammerkt að reyna að ná að komast vel á veg innan núverandi fjárhagsárs.
- IV ritaði fundargerð.